

18
15. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistryk.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Skrár yfir gjaldskylda til ellistryktarsjóðs skulu samdar fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert og liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. mars. Karufrestur skal vera til 15. apríl og skrárnar sendar hlutaðeigandi innheimtunummi fyrir 15. maí ár hvert.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

19
15. júní

LÖG

um

kynbætur hesta.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

19

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Um kosning í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosning í hreppsnefnd. Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927, og gildir sú kosning þar til næst fer fram kosning í hreppsnefnd.

Rjett er konum að skorast undan kosningu.

3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd velja eða útvega innan eða utan hrepps hæfilega marga góða graðhesta til undaneldis í hreppnum næsta sumar. Hesta, sem kynbótanefnd velur, skal nefndin jafnframt taka á leigu til afnota innan hrepps og semja um leiguna. Skal nefndin gera hreppsþúum það kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar. Heimilt er hrossakynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv.

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heima-
högum á tímabilinu frá 1. október til 20. apríl.

4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verðlaun hafa hlotið á hjeraðssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfelagi Íslands, skal merkja með því að klippa Kh hægra megin á lend þeirra. Eigandi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

5. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri og ekki eru atlaðir til undaneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert. Graðhesta á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn eða taka í tryggja vörslu, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann

19 var valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu
 15. júní og, ef þörf gerist, á fóður á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal
 honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfall-
 inn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa
 honum sem óskilagrip og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

7. gr.

Hreppskilafundur ákveður þóknun fyrir starf hrossakynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kyn-
 bótanefndar, leigu eftir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum og fóðri,
 jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, þó svo,
 að aldrei verði herra gjald en 8 kr. á hvert folald. Skulu eigendur greiða gjald
 þetta árlega til hrossakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur, og er
 gjaldið lögtakskraft. Nú verður kostnaðurinn meiri en hámarksgjaldi nemur
 á hvert folald, og greiðir þá hlutaðeigandi sveitarsjóður afganginn.

8. gr.

Hrossakynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem
 reikninga, skýrslur, brjef o. fl.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Nefndarfundir
 eru lögmætir og ályktunarfærir, þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir eru
 sammála.

Formaður nefndarinnar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld kynbóta-
 starfseminnar eftir hver áramót. Reikningurinn skal yfirskoðaður af hrepps-
 nefnd og lagður fram á vorhreppskilafingi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu
 í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem
 hinn seki á heima.

10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem al-
 menn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og
 önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

19

Hrossakynbótanefnd getur fyrst um sinn, í síðasta skifti 1930, leyft, að 15. júní kynbótahestar gangi lausir í heimahögum á tímabilinu frá 20. apríl til 1. október ár hvert, og gildir leyfið fyrir 1 ár í senn.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og inusigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

20

15. júní

um

kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrótafirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

er þar með sagt:

Þessu er á milli þess og Vjer staðfest þau kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrótafirði með samþykki Vorri.

Þessu er á milli þess og Vjer staðfest þau kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrótafirði með samþykki Vorri.

Þessu er á milli þess og Vjer staðfest þau kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrótafirði með samþykki Vorri.

Prestsbakkakirkja í Strandaprófastsdæmi greiði hjer eftir engin kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju vegna þess að Guðlaugsvíkur, Kolbeinsár, Heydals og Skállholtsvíkur.

Þessu er á milli þess og Vjer staðfest þau kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrótafirði með samþykki Vorri.

Kirkjugjöldin skal hafa sem jað skvísu um hjer á þessu hálfnumið að meðaltali undanfarin 5 ár kirkjugjöld þessu og þessu greiða ár kirkjugjöldi til Óspakseyrarkirkju, þessu skvísu um hjer á þessu hálfnumið, sem svári, með 6% vöxtum, jafnhárri upphæð og það meðaltal, þessu og